

# Framboð til kirkjubings

## Eiður Welding

### 1. kjördæmi

### Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra



Ég hef mjög mikla reynslu af félagsstörfum og stjórnun félaga. Ég sit í stjórn ÖBÍ réttindasamtaka sem áður hét Öryrkjabandalag Íslands en ég var kjörinn í stjórnina árið 2020 þá sextán ára gamall og yngstur í sögu

réttindasamtakanna til þess að hljóta kjör til stjórnar. Ég hef frá upphafi lagt áherslu á eflingu ungmennastarfs í ÖBÍ en mikilvægur áfangi náðist í byrjun árs 2024 þegar ungliðahreyfing ÖBÍ, UngÖBÍ var stofnuð og hef ég verið formaður UngÖBÍ frá upphafi.

UngÖBÍ hefur vakið eftirtekt á alþjóðavísu og hef ég sótt ráðstefnur og haldið erindi víða um heim meðal annars á árlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fyrir á þessu ári var ég svo kjörinn ritari Landssambands ungmennafélaga.

Ég sækji messur í Hallgrímskirkju og hef gert síðan ég flutti fyrir ári síðan en þar áður bjó ég í Grafarholti og sótti messur í Guðríðarkirkju, fyrst fyrir sálmatónlistina en svo heillaðist ég af Biblíunni, messugjörðinni og því ótrúlega góða starfi sem er unnið í kirkjum landsins. Ég fann fljótt fyrir sterkri köllun til þess að taka þátt í kirkjulegu starfi og ég hef áhuga á því læra guðfræði í framtíðinni.

Það er gaman að sjá ungt fólk í auknum mæli í kirkjum landsins og tekur það líka virkan þátt í messuþjónustu eins og raunin í mínum messuhóp í Hallgrímskirkju. Það er mikilvægt að efla ungmennastarf í kirkjunni, vekja athygli á þjónustu kirkjunnar sem stendur ungu fólki til boða og því góða samfélagi sem er í messunum sem veita hvíld frá dagsins amstri um stund. Ungt fólk er nútíðin og það er okkar í kirkjunni að vekja athygli á boðskap Jesú Krists og hvernig hann getur nýst til góðs.

Ég mun leggja áherslu á þjónustu við fatlað fólk í kirkjunni og hvernig við tryggjum það að allt starf kirkjunnar sé aðgengilegt fötlðu fólki. Fatlað fólk vill sækja messur og taka þátt í starfi kirkjunnar en mætir stundum hindrunum, þá frekar í kirkjum úti á landi þar sem aðgengi er ekki nógu gott en þó ber að hafa í huga að það þarf ekki að breyta messum og orðfæri til þess að stuðla að inngildingu fatlaðs fólks í kirkjunni því fatlað fólk mætir til messu á sömu forsendum og ófatlað fólk, til þess að heyra Guðs orð og varðveita það, án þess að fötlun sé tekin út fyrir sviga.